

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Úlfarsárdalur, hverfi 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. ágúst 2015, afmörkun deiliskipulags Úlfarsárdals fyrir hverfi 4. Í breytingunni felst að lóðir nr. 118-120 og 122-124 ásamt 124A við Úlfarsárbraut, sem eru innan marka deiliskipulags hverfis 4, koma til með að tilheyra deiliskipulagi útivistarsvæðisins í Úlfarsárdal. Samtímis er samliggjandi mörkum deiliskipulags útivistarsvæðisins breytt þannig að áður nefndar lóðir falla undir það deiliskipulag. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur, flugstjórnarmiðstöð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, þann 16. september 2015 breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar vegna lóðar flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Í breytingunni felst að norðan byggingar flugstjórnarmiðstöðvar er leyfilegt að byggja allt að 50 m² reiðhjólaskýli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. september 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. október 2015